

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-reglumál.

54

12. marz

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lokun sölubúða í Ólafsfjarðarkauptúni, nr. 72 frá 16. maí 1944.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

AUGLÝSING

55

12. marz

um breyting á auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, um fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið gert þá breytingu á fyrirmynd að samþykktum fyrir byggingarsamvinnufélög, sem prentuð er hér á eftir sem fylgiskjal.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Fylgiskjal.

1. Við 4. gr. Fjórði töluliður 4. gr. orðist svo:
 4. með rekstrarsjóðsgjaldi. Til þess að standast straum af rekstrarkostnaði félagsins skal hver félagsmaður greiða árgjald til félagsins eins og hér segir:
 - a. Árgjöld þeirra félagsmanna, sem ekki hafa fengið íbúð hjá félaginu og er það kr. á ári. Sé gjaldið eigi greitt fyrir tilskilinn gjalddaga missir félagsmaður félagsréttindi sín og skoðast eigi lengur félagsmaður, nema til komi ástæður, er stjórn félagsins tekur gjaldar.
 - b. Árgjald félagsmanna, sem íbúð fá hjá félaginu og er það kr. á ári. Það gjald greiðist í fyrsta sinn, er félagsmaður skrifar sig fyrir íbúð.
2. Við 10. gr. Við greinina bætist:

Seljandi greiði auglýsingakostnað vegna sölu eða sölutilrauna, en kostnað við matsgerð, ef til kemur, greiða seljandi og kaupandi að hálfu leyti hvor.